

Sp.

564. Nefndarálit

um till. til þál. um fæðingardeildina í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rannsakað allýtarlega þetta mál. Þegar eftir að málinu hafði verið vísað til nefndarinnar, sendi hún það til forstöðumanns handlækningadeildar Landsspítalans og landlæknis, og barst nefndinni álit þeirra. Þá komu á fund nefndarinnar heilbrigðismálaráðherra, landlæknir og húsameistari ríkisins. létu þeir nefndinni í té ýtarlega greinargerð um bygginguna og útvegun á hinum ýmsu tækjum og húsmunum erlendis frá. Töldu þeir, að margt hefði orðið því til tafar, að þessir munir til fæðingardeildarinnar kæmu eins fljótt og upphaflega var óskað eftir og vonir stóðu til, svo sem erfiðleikar á að fá afgreiðslu hjá firmum erlendis, er skipt var við, tafir á gjaldeyrisyfirfærslum héðan o. fl. o. fl. Við það hættist, að húsið var ekki eins fljótt tilbúið og lengi vel var vonast eftir. Og það er nú reyndar ekki enn tilbúið til notkunar, eftir er að ganga frá lyftunni í því og margt fleira.

Eftir þeim upplýsingum, sem nefndin hefur fengið um þau atriði, er varða byggingu fæðingarstofnunarinnar og útvegun á þeim munum, er þarf til hennar erlendis frá, mun nú allt vera komið til hennar, er hún nauðsynlega þarf. Húsbúnaður allur og tæki eru komin. Þess er vænt, að húsið verði tilbúið, þegar búið er að ganga frá lyftunni. Þó skal þess getið, að ekki mun talið öruggt, að starf geti hafizt í deildinni, fyrr en Elliðaárstöðin er talin örugg til orkuframleiðslu, svo að fulltreysta megi upphitun hússins.

Heilbrigðisstjórnin er búin, í samráði við forstöðumann handlækningadeildar Landsspítalans, að ákveða, hvernig háttáð verði læknisstarfi við stofnunina, og fleira, er að þeirri sýslan lýtur.

Heilbrigðisstjórnin hefur lýst því yfir við nefndina, að jafnskjótt og húsið er tilbúið, verði fæðingardeildin látin taka til starfa, enda ekki annað komið til mála.

Þar sem þannig er bert, að þeir, sem um þetta mál eiga að fjalla, munu láta stofnunina hefja starf sitt samstundis og hún er tilbúin til þess, sér nefndin ekki ástæðu til að leggja til við Alþingi, að það samþykki tillögu þessa, en leggur til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem vitað er, að frá upphafi hefur verið ætlunin, að fæðingardeildin tæki til starfa, þegar er byggingin væri tilbúin, og í trausti þess, að allt kapp verði lagt á, að stofnunin verði fullgerð á næstunni, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. marz 1948.

Jörundur Brynjólfsson,
form., frsm.

Jón Gíslason.

Jón Sigurðsson,
fundaskr.

Ingólfur Jónsson.

Sigfús Sigurhjártarson,
með fyrirvara.

Ásg. Ásgeirsson.